



## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Efni: Staða biðlista fyrir heimaþjónustu og hjúkrunarrými*

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2019 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn vegna heimaþjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu yfir sumartímann:

*„Árið 2018 fengu notendur heimaþjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu tilkynningu um skerta þjónustu yfir sumartímann vegna manneklu. Hvernig er staða mála fyrir komandi sumarmánuði? Eiga notendur von á skertri þjónustu, ef svo er hvernig verður brugðist við ástandinu? Óskað er eftir því að svar berist fyrir síðasta fund velferðarráðs fyrir sumarfrí.“*

### **Svar:**

Velferðarsvið Reykjavíkur rekur heimaþjúkrun samkvæmt þjónustusamningi við Sjúkratryggingar Íslands í Reykjavík og á Seltjarnarnesi allan sólarhringinn, kvöld og helgar í Mosfellsbæ og á næturnar á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Þrátt fyrir ítarlega leit og átak velferðarsviðs í auglýsingum eftir starfsfólki til sumarafleysinga hefur ekki tekist að ráða nægjanlega marga til starfa yfir sumarmánuðina. Fyrirsjáanlegt er því að einhverjir biðlistar muni myndast eftir heimaþjúkrun í sumar en rétt er að taka fram að ástandið er mun betra en síðasta ár á heildina litið. Líkt og síðustu ár verður tekið við öllum beiðnum og forgangsraðað í þjónustu

Staðan er ólík eftir hverfum borgarinnar og eru ýmsar ástæður fyrir því og má þar nefna að góður árangur Endurhæfingarteymis í efri byggð; Árbæ, Breiðholti, Grafarvogi og Grafarholti, hefur skilað sér í styttri bið eftir heimaþjúkrun á því svæði. Annað slíkt teymi tók til starfa í miðbyggð; Laugardal og Háaleiti, í byrjun árs 2019 og mun þriðja teymið taka til starfa í vesturbyggð; Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, haustið 2019.

Í vesturbyggð mun þjónusta heimaþjúkrunar skerðast lítillega í júlímánuði og nánast ekkert í efrbyggð. Í miðbyggð skerðist þjónusta heimaþjúkrunar frá 11. júní til 12. ágúst.

Heimahjúkrun í Reykjavík er samþætt félagslegri heimaþjónustu og hefur tekist nokkuð vel að ráða í sumarafleysingar þar en þó má gera ráð fyrir að sú þjónusta muni skerðast að einhverju leyti í sumar. Lögð verður áhersla á að veita alla þá þjónustu sem mögulegt er að veita. Þjónustuvegum er tilkynnt símleiðis um skerðinguna auk þess sem í miðbyggð er sent út bréf til þjónustuvega.